

# Fréttabréf Tourette-samtakanna - ágúst 2007

=====

## Tourette samtökin á Íslandi



Skrifstofa Tourette samtakanna  
Hátúni 10b 9.hæð 105 Reykjavík  
Sími 840-2210  
Veffang [www.tourette.is](http://www.tourette.is)  
Netfang [tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is)

\*\*\*\*\*

**Tourette: staðreyndir er nýtkomin bók!** - sjá nánar um bókina hér á baksíðu



**Námskeið um Tourette heilkenni o.fl. fyrir foreldra, kennara, og annað áhugasamt fagfólk** - Stefnt er á að halda dagsnámskeið á sömu nótum og síðasta vor. Þær Málfríður og Kristín geta haldið námskeið fyrir okkur á laugardegi þann 22. september n.k., sjá fyrirhugaða dagskrá neðar. Stjórnin mun í kjölfar námskeiðsins bjóða upp á fría kynningu um Tourette, sem Íris Árnadóttir hefur haldið á vegum samtakanna í skólum og víðar. Sú kynning stendur í 1 til 2 klst. og að lokum gætu þeir sem vilja rappað saman um Tourette málefni. **Athugið, stjórnin hefur ákveðið að veita ferðastyrk á námskeiðið til félagsmanna sem búa úti á landi og ekki hafa farið áður á námskeið hjá okkur, sem nemur flugfargjaldi eins aðila pr. barn eða þá fyrir bensínkostnaði, og að því tilskildu að viðkomandi hafi greitt félagsgjöld sín. Styrkurinn yrði greiddur út í lok námskeiðs og framvísa þarf kvittun vegna ferðakostnaðar. Biðjum við þá aðila sem hug hafa á þessu námskeiði að hafa samband, senda tölvupóst á [tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is) eða hringja í **840 2210****

### **Námskeið um Tourette heilkenni og slaka hegðunarstjórnun fyrir foreldra, kennara og annað áhugasamt fagfólk**

laugardaginn 22. september 2007 kl. 10.00 -16.00

í sal Sjónarhóls á 3. hæð að Háaleitisbraut 11 – 13


Fyrirlesarar: Málfríður Lorange taugasálfræðingur og Kristín Kristmundsdóttir félagsráðgjafi

#### **Dagskrá:**

- Yfirlit um Tourette heilkenni, lýsing á einkennum, orsakir, tíðni horfur og framvinda. Fylgiraskanir.
- Áráttta og þráhyggjuhegðun hjá börnum og unglingum með Tourette.
- Reiði og reiðistjórnun.
- Jákvæðar hegðunarmótandi aðferðir, kennsla í notkun einfalds umbunarkerfis.
- Tourette og skólinn.

**Haldin verða stutt fræðsluinnlegg og lögð áhersla á virkar umræður. Unnið verður í fámennum hópum.**

Námskeiðið verður haldið ef þátttaka verður næg og fyrirhugað verð er 18.000.- kr. Tourette samtökin niðurgreiða námskeiðið fyrir foreldra í félaginu sem ekki hafa farið á það áður og hafa greitt félagsgjaldið sitt. Námskeið mun því kosta foreldri/foreldra hvers barns aðeins 8.000.- kr. Sama verð er á námskeiðinu hvort sem annað foreldri eða bæði taka þátt og jafnvel þótt amma og afi komi líka. Fólk á vinnumarkaði getur sótt um styrk úr starfsmenntasjóði líka (bæði foreldrar og fagfólk).



### ***Tourette: staðreyndir***

eftir Mary M. Robertson og Simon Baron-Cohen

Bók þessi er gefin út á Íslandi í júní 2007 og er íslensk þýðing bresku bókarinnar *TS: the facts*.

*Tourette: staðreyndir* er nauðsynleg heimild fyrir alla þá sem hafa Tourette og aðstandendur þeirra og er einnig gagnleg læknum, kennurum, og þeim sem vilja kynna sér heilkennið. Bókin er samin af sálfræðingi og geðlækni sem árum saman hafa rannsakað Tourette. Fjallað er um orsakir þessarar röskunar, greiningu og meðhöndlun, auk þess sem algengustu spurningum um Tourette er svarað.

Bókin er seld hjá Tourette samtökunum, [www.tourette.is](http://www.tourette.is), og hana má panta í tölvupósti, [tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is), eða síma 840-2210.

Athugið að verð hennar er aðeins 1.500.- krónur.

Bókin mun einnig verða seld í nokkrum bókaverslunum og er heldur dýrari í verslununum sem nemur bæði virðisaukaskatti og verslunarálagningu.